

Forvarnarteymi grunnskólanna – 3. fundur

18. maí 2022 kl. 14:00

Mættir voru: Ólína skólastjóri, Jónína aðstoðarskólastjóri, Anna Kristín sérkennari, Róbert yfirmaður Frístundar og félagsmiðstöðvar, Helga Helgadóttir kennari, Ragnhildur Þorsteinsdóttir deildarstjóri sérkennslu, Hildur Þóra Friðriksdóttir félagsþjónustu Ölfus.

1. Verkferlar

Skólastjóri lagði fram tillögu að verkferlum sem skal grípa til ef nemendur verða fyrir kynferðislegu- og eða kynbundnu ofbeldi af hálfu samnemenda eða starfsfólks. Hópur starfsmanna skólans vann að samsetningu verkferlanna og skilaði til skólastjóra. Fundarmenn ræddu orðalag og gerðu lítilsháttar breytingar á því. Verkferlarnir samþykktir og ákvað fundurinn að verkferlarnir fari inn í skólanámskrá.

2. Öðrum dagskrárlið frestað

Súsanna skólahjúkrunarfræðingur forfallaðist og því frestast kynning hennar á hlutverki og verkefnum skólahjúkrunarfræðings í skólum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.30
Jónína Magnúsdóttir